



## Gjaldskrá fyrir Ásaljós

### 1. Almenn

Verðskrá þessi gildir fyrir starfssvæði Ásaljóss í Ásahreppi. Virðisaukaskattur bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

### 2. Áskriftargjald

Mánaðarlegt áskriftargjald er kr. 3.533 + vsk.

### 3. Gjöld fyrir breytingar

Ef færa þarf heimtaug notanda í kerfismiðju Ásaljóss frá einu porti yfir í annað, t.d. frá fjarskiptabúnaði fjarskiptafélags yfir í fjarskiptabúnað annars félags er innheimt breytingagjald að upphæð 3.715 + vsk. og greiðir það fjarskiptafélag gjaldið sem óskar eftir breytingunni.

### 4. Tengigjald nýrra notenda

Fyrir nýja tengingu greiðist raunkostnaðar við að leggja ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað. Heimilt er að jafna út kostnaði í sumarhúsaðverfum þannig að kostnaður við framkvæmdina jafnist jafnt út á þá sem tengjast, þannig að greiðslur standi undir raunkostnaði við framkvæmdina.

### 5. Leiga á ljósþráðum innan kerfisins

Fyrirtækjum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loftlínu á milli staða og miðast gjaldtaka við hvern hafinn kílómeter. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytingar á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður í samræm við umfang breytinga. Að öðru leyti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru án vsk.

Leigugjald fyrir ljósleiðarapræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða	kr./km á mánuði
1	7.059,-
2	8.826,-
3	10.590,-
4	12.179,-

### 6. Aðstöðuleiga í tækjarými á Laugalandi

Fjarskiptafélögum sem nýta sér aðgangskerfi Ásaljóss stendur til boða að leigja aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í tækjarými á Laugalandi skv. neðan greindu:

1 skáparými	42.837,- pr mánuð + vsk,
½ skáparými	21.418,- pr. mánuð + vsk.

Ásaljós getur útvegað aðgang að 230V rafmagni og greiðir leigjandi fyrir því sem næst raunnotkun á rafmagni.

#### 4. Önnur ákvæði

Ásaljós leggur ljósleiðara að tengistað en útvegar ekki endabúnað til notkunar. Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í tengingar í sumarhúsaðverfum nema náist um 60% þátttaka í hverfinu. Stofngjöld verða innheimt þegar framkvæmdum er lokið og áður en tenging á sér stað.

Gjaldskrá tekur verðlagsbreytingum 1. janúar ár hvert skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af hreppsnefnd Ásahrepps 20. nóvember 2024 og tekur gildi 1. janúar 2025.

f.h. Ásaljóss 20. nóvember 2024

---

Valtýr Valtýsson  
sveitarstjóri Ásahrepps